

Alþingi
Erindi nr. P 127/2240
komudagur 7.6.2002

Reykjavík 5. júní 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

**Umsögn frá Foreldrafélagi misþroska barna vegna frumvarps til laga um
Lýðheilsustöð, 707 mál.**

Stjórn foreldrafélagsins fagnar þessu frumvarpi og telur ótvíræða þörf fyrir slíka
Lýðheilsustöð sem greint er frá í frumvarpinu.


Hvað viðkemur málefnum foreldrafélagsins þá er t.d. brýn þörf á fræðslu um málefni
barna með athyglisbrest með eða án ofvirkni alls staðar þar sem þessi börn eru að leik
og starfi. Jafnframt er þörf á að efla til muna þjónustu og stuðningsstarf við
fjölskyldur þessara barna. Rannsóknir hafa sýnt að um 3-5% barna í hverjum árgangi
greinast með athyglisbrest með eða án ofvirkni eða AD/HD á alþjóðamáli sem stendur
fyrir "Attention Deficit and Hyperactive Disorder".

Þá skal þess getið að brýn þörf er á fræðsluátaki um málefni fullorðinna með AD/HD.
En það eru aðeins örfáir fagaðilar sem sinna þeim hóp.

Málefni þessara fjölskyldna, barna og fullorðinna eru býsna stórt heilbrigðismál að
mati undirritaðrar, og mikil þörf á auknu forvarnastarfi í málaflokknum. Þessi börn
eru t.d. meira og minna í áhættuhóp þegar komið er á unglingsár.

Við vonumst því til að frumvarpið verði samþykkt og Lýðheilsustöð verði starfrækt
áður en langt um líður.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,


Ingibjörg Karlsdóttir félagsráðgjafi og
formaður Foreldrafélags misþroska barna